

Fimmtudaginn 18. nóvember 1993.

Nr. 342/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Stefáni Páli Jónssyni

(Hlödver Kjartansson hdl.).

Líkamsárás. Skilorð. Skaðabótakröfu vísað frá dómi. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds og ákærða með stefnu 20. júlí 1993. Ríkissaksóknari krefst þess, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði þyngd, en staðfest ákvæði hans um skaðabætur.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af kröfum ákærvalds og að skaðabótakröfu verði vísað frá dómi.

Ákærði skýrir svo frá í lögregluskýrslu, að hann hafi umrætt sinn verið nokkuð ölvaður og muni ekki eftir átökum við Ragnar Kristin Garðarsson. Hann minnst þess aftur á móti að hafa ráðist á annan pilt, sem veist hafi að féлага sínum, og hafi sá örugglega ekki verið Ragnar Kristinn. Daginn eftir hafi kunningi sinn, Stefán Eiríksson, tjáð sér, að ákærði hefði lent í átökum við einhvern strák og lamið hann. Hljóti það að hafa verið Ragnar Kristinn. Ákærði kveðst í átökum umrædda nótt hafa nefbrotnað og brotnað hafi upp úr framtönn. Kveðst hann ekki vita, hver valdur var að þessum áverkum. Við yfirheyrslu fyrir dómi kvaðst ákærði ekkert hafa átt sökótt við Ragnar Kristin. Hvorki deilur né átök hafi orðið áður þeirra í milli. Er ákærði var inntur eftir því fyrir dómi, hvers vegna hann lét þau orð falla við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann drægi ekki í efa, að hann hefði slegið Ragnar Kristin, svaraði hann því til, að sá, sem yfirheyrði sig, hefði gefið í skyn, að lögreglan hefði fjölda vitna að þessu.

Stefán Eiríksson, sem ákærði vitnar til í framburði sínum, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Hann kveðst umrædda nótt hafa verið við veitingahúsið Fjörðinn og séð mann, sem bar hátalarabox.

Hafi hann gengið fram hjá sér. Skömmu síðar hafi komið til átaka, sem hann hafi ekki orðið sjónarvottur að, en hann hafi hins vegar komið þar að, sem maður þessi, er hann nafngreinir ekki, lá í blóði sínu. Stefán kveðst ekki hafa séð ákærða slá mann þenna, en vita til þess, að Loftur Bjarni Gíslason hafi séð átökin. Stefán kveðst hafa séð ákærða slást við annan pilt, áður en nefnd átök urðu.

Loftur Bjarni Gíslason var tvívegis yfirheyrður af rannsóknarlögreglu, 4. desember 1991 og 2. október 1992. Við fyrri yfirheyrslu kvaðst hann umrædda nótt hafa séð ákærða í átökum við mann, sem var að bera hátalarabox frá veitingahúsinu Firðinum. Hann kveðst síðan hafa séð, er maðurinn var ekki lengur með hátalaraboxið í höndunum, en snúið að ákærða. Hafi ákærði „náð manni þessum niður í götuna“ og lamið hann í andlit, svo að blætt hafi úr. Hann hafi ekki séð nákvæm tildrög þessa og ekki þekkt manninn. Við síðari yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst hann ekki muna vel eftir atviki þessu. Hann hafi ekki séð nefndan mann bera hátalarabox, en komið að, þar sem hann lá í götunni. Hafi hann tekið þátt í því að stöðva átök ákærða við manninn og hjálpað honum.

Ýtarleg skýrsla var tekin af vitninu fyrir dómi, og kvaðst hann þá muna vel eftir atvikum. Hann kvaðst kannast við ákærða, og sig minni, að ákærði og umræddur maður hefðu rifist eitthvað, og í framhaldi af því hefði ákærði slegið manninn, sem við það hefði fallið í götuna. Hann hefði síðan verið fluttur af vettvangi í sjúkrahúsið.

Þegar framanskráð er virt ásamt öðrum málsatvikum, sem rakin eru í héraðsdómi, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þann verknað, sem lýst er í ákæruskjali, og brotið gegn þeim hegningarlagaákvæðum, sem þar eru tilgreind. Eins og lýst er í héraðsdómi, var ákærði dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi 21. desember 1992. Þer samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að taka það mál einnig til meðferðar, að því er hina skilorðsbundnu refsingu varðar, og dæma nú í einu lagi fyrir öll brotin. Er refsing með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þess, haldi

ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglu 7. nóvember 1991 kvaðst Ragnar Kristinn Garðarsson vera atvinnulaus. Þáttur í skaðabótakröfu hans er vegna atvinnutjóns, og er skaðabótakrafa hans að því leyti vanreifuð. Við meðferð málsins láðist að kynna ákærða skaðabótakröfuna, sbr. 2. mgr. 170. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Við svo búið verður ekki hjá því komist að vísa skaðabótakröfunni frá héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði segir.

Við meðferð máls þessa fór ýmislegt úrskaiðis, svo sem nú verður rakið. Ragnar Kristinn Garðarsson var ekki inntur eftir því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, hvort hann hefði lent í öðrum átökum umrædda nótt en að framan getur. Sérstök ástæða var þó til að beina rannsókn málsins að því vegna frásagnar, sem Jóhann nokkur Sigurðsson er borinn fyrir í vettvangsskýrslu lögreglu og greinir frá í héraðsdómi, um átök milli hans og Ragnars Kristins fyrr um nóttina. Hvorki var maður þessi yfirheyrður af rannsóknarlögreglu né fyrir dómi. Skýrslur voru ekki teknar fyrir dómi af Ragnari Kristni Garðarssyni og Stefáni Eiríkssyni og ekki heldur af löggæslumönnum þeim, sem hlut áttu að rannsókn málsins. Þeim láðist að skrá hjá sér nöfn vitna á vettvangi. Lögreglurannsókn í málinu lauk ekki fyrr en rúmum ellefu mánuðum eftir umræddan atburð. Engin skýring hefur verið gefin á þeim drætti. Gallar þessir á meðferð málsins eru ámælisverðir, en verða ekki taldir svo stórvægilegir, að leiða eigi til ómerkingar hins áfrýjaða dóms og málsmeðferðar í héraði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Páll Jónsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Framangreindri skaðabótakröfu er vísað frá héraðsdómi. Staðfest er ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hlökkvers Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, 35.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 2. júní 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 2. júní, er á dómþingi í héraðsdómi Reykjaness, sem háð er á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. S-94/1993: Ákærvaldið gegn Stefáni Páli Jónssyni, er tekið var til dóms að loknum aðalflutningi 24. maí 1993.

I.

Mál þetta er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 27. apríl 1993 og birtri fyrir ákærða 10. maí sama ár, á hendur Stefáni Páli Jónssyni, Breiðvangi 66, Hafnarfirði, fæddum 6. febrúar 1972, fæðingarnúmer 484, „fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 27. október 1991 við veitingahúsið Fjörðinn við Strandgötu í Hafnarfirði slegið Ragnar Kristin Garðarsson, fæddan 27. nóvember 1967, högg í andlit með þeim afleiðingum, að hann nefbrotnaði og fékk sár á efri vör.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefst nefndur Ragnar Kristinn Garðarsson þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 75.000 krónur, auk dráttarvaxta“.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af öllum kröfum á hendur sér í málinu og málsvarnarlauna, að fjárhæð 50.000 kr., úr ríkissjóði, en við þingfestingu málsins 14. maí 1993 var Hlökkver Kjartansson hdl. skipaður verjandi hans. Til vara er krafist, að ákærða verði ekki gerð refsing og bóta­kröfu vísað frá dómi.

II.

Aðfaranótt sunnudagsins 27. október 1991 kl. 3.27 var lögreglunni í Hafnarfirði tilkynnt frá slökkvistöð, að verið væri að senda sjúkrafreið að veitingahúsinu Firðinum í miðbæ Hafnarfjarðar vegna manns, sem væri þar með áverka eftir áflog. Er lögregla kom á staðinn, lá bótakrefjandi í máli þessu, Ragnar Kristinn Garðarsson, kt. 271167-4749, á jörðinni

skammt frá dyrum veitingahússins með áverka á andliti og rænulaus í fyrstu. Hann rankaði þó fljótlega við sér, en gat þó aðspurður ekki gert lögreglunni neina grein fyrir því, hvað gerst hefði. Var hann fluttur af vettvangi í sjúkrabíl. Enginn gaf sig fram á staðnum við lögreglu sem vitni að atburðinum, „en frá hópi fólks, sem þarna var, heyrðist, að „Stebbi“ hefði slegið Ragnar Kristin“, segir í vettvangsskýrslu. Dyraverðir, sem lögreglumenn töluðu við, könnuðust við Stebba þennan og sögðu, að hann hefði verið að skemmta sér þarna.

Ákærði kannast við að hafa verið á þessum veitingastað umrætt kvöld, kveðst hafa orðið mjög drukkin og muna lítið og slitrótt eftir atvikum, þegar hann fór. Þó hafi hann lent í einhverjum átökum þarna, því að hann hafi sjálfur nefbrotnað og brotnað upp úr framtönn. Hann kvaðst ekki vita, hver veitti sér þá áverka, en taldi þó, að það hefði ekki verið umræddur Ragnar Kristinn, sig rámaði ekki í að hafa lent í átökum við hann.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknardeild lögreglu 19. 11. 1992 var eftir ákærða bókað: „Aðspurður kveðst mætti ekki draga það í efa að hafa slegið þennan Ragnar Kristin, og kveðst hann vera fús að greiða honum sanngjarnar bætur vegna þeirra meiðsla, sem hann hlaut í nefnt sinn.“

Fyrir dómi dró ákærði mjög í land, mótmælti efni ákæru svo og bótakröfu. Ákærði kveðst ekki hafa þekkt Ragnar Kristin Garðarsson eða átt neitt sökótt við hann.

Loftur Bjarni Gíslason, kt. 120374-3469, Álfaskeiði 38 hér í bæ, þá nemandi í Flensborgarskóla, bar, að hann hefði séð ákærða ná manni niður í götuna og lemja hann í andlit, svo að blætt hafi úr. Síðan kvaðst vitnið hafa vikið sér frá. Nokkru síðar hefði hann séð, að sami maður var settur í sjúkrabíl og fluttur burt. Hann bar, að hann væri þess fullviss, að þetta hefði verið sami maður.

III.

Í frumskýrslu lögreglu er þess getið, að hringt hafi verið á lögreglustöðina frá slysadeild og frá því skýrt, að er þangað kom, hafi Ragnar Kristinn hlaupið út í myrkið án þess að komast undir læknishendur. Að fengnum þessum upplýsingum hafði lögreglan samband við lögregluna í Kópavogi, sem fór heim til Ragnars Kristins að Lundi 3 og fékk þar þær upplýsingar, að hann væri kominn heim og allt í lagi með hann.

Rannsóknardeild lögreglu aflaði vottorðs Borgarspítalans um Ragnar Kristin Garðarsson. Er það dagsett 9. apríl 1992, undirritað af Hauki Árnasyni lækni, og hljóðar svo:

„Hinn 27/10 1991 kl. 5.11 kom á slysadeild Borgarspítalans maður, sem kvaðst heita ofanskráðu nafni. Hann greinir svo frá, að þá skömmu áður hafi hann orðið fyrir áverka, er hann var að hjálpa Sniglabandinu að ganga

frá. Ráðist var á hann. Hann var kýldur í andlitið. Þetta gerðist um kl. 3.30 að morgni þessa dags. Við komu kemur í ljós, að hann er með bólgu-
mar umhverfis bæði augu. Hann er með hruffl og bólgu á nefi milli augna. Skurður er á efri vör. Í staðdeygingu var vörin saumuð með níu sporum af nælonþræði 6:0 og fékk síðan að fara úr slysadeild Borgarspítalans, en gert ráð fyrir, að hann kæmi tíu dögum síðar í saumatöku. Hann kemur aftur tveimur dögum síðar, 29/10 1991, og vill þá fá áverkavottorð. Fær ráðleggingar, og tekin er rtg-mynd af andlitsbeinum hans, en á henni kom í ljós brot á nefbeini, án þess að sýnt væri fram á nokkra tilfærslu á brotstaðnum. Ekki merki um brot á öðrum andlitsbeinum. Mikil þreifiefmsli voru yfir nefinu, sem skýrist af ofanskráðri niðurstöðu rtg-rannsóknar. Miðsnesið virtist aðeins hliðrað til vinstri. Sama dag fór hann til skoðunar hjá háls-, nef- og eyrnalækni, og er í skrá þeirra, að saga sé um áverka, eins og að framan greinir, með hruffl yfir nefi og dálítinn þrota yfir nefbeini. Stífla var í hægri nös og sár á efri vör vinstra megin. Það sár var saumað á slysadeild 27/10. Rtg-mynd af nefi sýndi, eins og áður segir, brot á nefi. Talið var, að ekki þyrfti að setja þetta brot í réttar skorður vegna þess, hve lega þess var góð. Ráðgert var, að honum yrði fylgt eftir á háls-, nef- og eyrnadeild og að hann kæmi þangað þremur dögum síðar. Kom til skoðunar á slysadeild Borgarspítalans 7/11 1991, og voru saumar þá teknir úr sári, og litu sárin vel út.“

Ragnar Kristinn Garðarsson gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglu 7. nóvember 1991, og var m. a. eftir honum bókað:

„Mætti kveðst hafa verið í veitingahúsinu Firðinum í Hafnarfirði og hafa verið að hjálpa til við að bera hljóðfæri, sem Sniglabandið átti. Mætti kveðst hafa borið niður hátalara og hafa verið kominn niður í undirgöng, sem liggja út á Strandgötu. Þá kveðst mætti muna það að hafa fengið þungt högg á andlit, og kveðst hann hafa snúið sér við og talað við þann, sem sló. Mætti kveðst síðan ekki muna neitt eftir því, sem á eftir kom, og kveðst hafa verið fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Þar kveðst hann hafa staðið stutt við og hlaupið yfir á þann stað, sem hann bjó á þá og er Lundur 3 í Kópavogi. Mætti kveðst síðan hafa leitað sér aðstoðar á slysadeild aftur um nóttina, eftir að hann hafði jafnað sig, og hafi komið í ljós, að hann var með brotið nef og skurð á vör. Mætti kveðst eiga eftir að fara til sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum til að láta lagfæra betur brotið. Mætti kveðst ekki þekkja þann, sem þetta gerði, og kveðst hafa fengið þær upplýsingar, að piltur þessi hétu „Stebbi“.“

IV.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann undir 40.000 króna sekt í sakadómi Hafnarfjarðar 12. apríl 1991 fyrir brot, framið 5. maí 1990,

gegn 217. gr. alm. hgl., sbr. 10. gr. l. nr. 20/1981, árás á dyraverði á veitingahúsinu A. Hansen.

Með dómi, upp kveðnum í Héraðsdómi Reykjavíkur 21. desember 1992, var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot gegn l. nr. 65/1974 um áv. og fikn. og rg. nr. 16/1986 og l. mgr. 106. gr. og l. mgr. 111. gr. alm. hgl. Þar var sakarefnið í sem stystu máli þetta:

Nokkrir fikniefnaneytendur héldu hópinn. Ákærði var óbreyttur liðsmaður. Foringjar hópsins létu póstsenda hass frá Kaupmannahöfn á nafn tiltekins manns í Reykjavík. Þeir höfðu ökuskírteini hans í höndum og fylgdust með því, er tilkynning um póstsendinguna var borin út, og náðu henni. Mynd af einum félaganna var nú sett í ökuskírteinið.

Meðan sendingin var á tollpóststofu, leitaði fikniefnalögreglan þar með hasshundi og fann pakkann, fjarlægði efnið úr pakknum, kom honum aftur á pósthúsið og gaf póstinum fyrirmæli um að tilkynna sér, er pakkans væri vitjað.

Foringja hópsins grunaði, að búast mætti við handtöku á pósthúsinu. En „bærinn var hasslaus“. Því var ákveðið að vitja pakkans og, ef til handtöku kæmi, að yfirbuga lögreglu og ná pakknum. Ákærði var með í þeim ráðum.

Allt gekk eftir. Tveir fóru á pósthúsið. Sá, er myndin var af, framvísaði ökuskírteininu og kvittaði. Pósturinn kallaði á lögreglu. Hún handtók tvímenningana og tók pakkann í sína vörslu. Fjórir, þar á meðal ákærði í máli þessu, biðu utan við pósthúsið og yfirbuguðu lögregluna, svo að þeir handteknu komust burt. Pakkinn var færður einum félaganna, sem beið skammt frá á mótorhjóli og „brenndi burt“.

Atburður þessi gerðist á 11. tímanum árdegis 3. september 1991.

Af þeim félögum sjö voru fjórir dæmdir í óskilorðsbundið fangelsi frá tveggja til sjö mánaða, en þrír, þar á meðal ákærði í máli þessu, voru dæmdir skilorðsbundið.

V.

Í niðurlagi vettvangsskýrslu lögreglu segir: „Þess má að lokum geta, að á vettvangi gaf sig á tal við okkur Jóhann Sigurðsson, Engihjalla 9, Kópavogi, s. 45526. kt. 280868-3299. Var hann með áverka á andliti og kvaðst hafa fengið þá í átökum við Ragnar Kristin fyrr í nótt. Jóhann kvaðst að svo stöddu ekkert frekar vilja gera í málinu.“

Jóhann þessi hefur ekki verið kallaður fyrir við rannsókn máls þessa, og standa því þessar upplýsingar óhaggaðar að því leyti, sem þær eru ákærða í hag. Samkvæmt þeim tók árásarandlagið Ragnar Kristinn þátt í þeim skipulagslausu óeirðum, sem sakarefnið í máli þessu er angi af. Má

því eftir atvikum líta til málsbótaákvæðisins í niðurlagi 1. mgr. 218. gr. alm hgl. Ákærði virðist sjálfur hafa gengið sár frá róstum þessum.

VI.

Niðurstöður.

Með vettvangsskýrslu lögreglu, framburði vitnisins Lofts Bjarna Gíslasonar og nægri stoð í öðrum gögnum í málinu, sem skýra nánar atburðarás, þykir fyllilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali, og er brotið þar réttilega heimfært til refsíákvæða.

Þar sem brot ákærða var framið 27. október 1991 og því áður en ákærði var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið 21. desember 1992, ber að dæma í máli þessu hegningarauka skv. 78. gr. 1. nr. 19/1940, sem þykir hæfilega ákveðinn sekt, að fjárhæð 60.000 kr. Verði greiðslufall á sektinni, komi þrjátíu daga varðhald í hennar stað.

Bótakrafa Ragnars Kristins Garðarssonar fyrir fjártjón og miska, að fjárhæð 75.000 kr., er studd nægum gögnum og þykir hæfileg og verður því tekin til greina ásamt innheimtulaunum lögmanns, að fjárhæð 15.000 kr., virðisaukaskattur innifalinn. Kröfufjárhæð var lýst 21. apríl 1993, og ber hún vexti, svo sem lýst verður í dómsorði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, að fjárhæð 25.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hlöðvers Kjartanssonar hdl., 35.000 kr.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Stefán Páll Jónsson, kt. 060272-4849, greiði 60.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi þrjátíu daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 25.000 kr., og málsvarnarlaun skipuðum verjanda sínum, Hlöðver Kjartanssyni hdl., 35.000 kr.

Ákærði greiði Ragnari Kristni Garðarssyni, kt. 271167-4749, 90.000 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga af 75.000 kr. frá 27. október 1991 til 21. apríl 1993, en samkvæmt 15. gr. vaxtalaga af 90.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Áfallna vexti má leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti. Bótafjárhæð þessi ásamt vöxtum og kostnaði er aðfararhæf að liðnum fimmtán dögum frá birtingu dóms þessa.